# FRÉTTABLAÐIÐ

287. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER 2015





Bátar voru á fleygiferð í Reykjavíkurhöfn þegar ljósmyndari Fréttablaðsins var þar á tólfta tímanum í gærkvöldi. Ljóst er að þar hefur orðið tjón. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Aftakaveður

**Björgunarsveitarmenn sinntu hundruðum útkalla í gærkvöldi, þau alvarlegustu voru í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Rafmagnslaust varð víða á landinu. Á mörgum stöðum var ófært fyrir björgunarsveitir.**

**VEÐUR** Hátt í sjö hundruð björgunarsveitarmenn sinntu hundruðum útkalla í gærkvöldi. Flest þeirra voru á höfuðborgarsvæðinu en þau alvarlegustu voru í Vestmannaeyjum. „Veðrið varð verst í Vestmannaeyjum og undir Eyjafjöllum. Engin alvarleg slys urðu á fólki,“ sagði Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Landsbjargar, en víða gátu björgunarsveitir ekki sinnt útköllum vegna ófærðar.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, segir að sett hafi að sér ugg þegar veðrið var sem verst. „Við gengum í hús og vöruðum við hættunni af foki og báðum fólk um að halda sig hlémegin í húsum sínum,“ sagði hún.

„Það er hopp og hí á Suðurbugtinni,“ sagði Stefán Hallur Ellertsson, hafnsögumaður við höfnina í Reykjavík þar sem bátar fóru á fleygiferð. „Lögregla og björgunarsveitir komu en það var ekkert sem var hægt að gera, það verður fyrirsjáanlegt tjón.“ Rafmagnslaust varð víða á landinu. Fyrst í Vík í Mýrdal og þá undir Eyjafjöllum. Einnig varð rafmagnslaust í Fljótshlíð, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að stóru leyti, á Vestfjörðum, Austurlandi og Akureyri.

– kbg/snæ/srs sjá bls. 4

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hörður Arnarson segir nýtingu orkulinda draga úr loftslagsáhrifum. 14-15

**SPORT** Róbert Gunnarsson las um framtíð sína á netinu. 16

**MENNING** Ný bók um einstakan feril Nínu Tryggvadóttur. 22-25

**LÍFIÐ** Almar Atlason fékk sér hamborgara á Prikinu. 28-30

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




**Suðaustan og austan** 15-23 metrar á sekúndu og rigning eða slydda en úrkomulítið fyrir norðan og austan. Dregur úr vindi og úrkomu seinnipartinn. Hiti víða 2 til 7 stig, en kólnar í kvöld. SJÁ SÍÐU 20



**Nýjasta og níunda plata Bjarkar Guðmundsdóttur hlýtur tilefningu sem besta framsækna plata ársins.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Íslendingar fá þrjár tilnefningar

**MENNING** Íslendingar eru áberandi í tilnefningum til Grammy-verðlaunanna sem afhent verða þann fimmtánda febrúar næstkomandi. Björk, Of Monsters and Men og Jóhann Jóhannsson hljóta öll tilnefningu til verðlaunanna.

Nýjasta og níunda plata Bjarkar Guðmundsdóttur, Vulnicura, hlýtur tilnefningu sem besta framsækna plata ársins. Platan hefur hlotið lof gagnrýnenda fyrir heiðarleika en hún fjallar að mestu um skilnað söngkonunnar við Matthew Barney.

Björk hefur aldrei hlotið Grammy-verðlaun en þetta er hennar fjórtánda tilnefning.

Jóhann Jóhannsson er tilnefndur fyrir tónlist í kvikmyndinni The Theory of Everything. Hann hefur nú þegar hlotið Golden Globe fyrir tónlist kvikmyndarinnar og var tilnefndur til Óskarsins og BAFTA-verðlaunanna.

Síðast en ekki síst má nefna viðhafnarútgáfu nýjustu plötu Of Monsters and Men, Beneath the Skin.

Rapparinn Kendrick Lamar hlaut flestar tilnefningar í ár, eða ellefu alls. **– snæ**

**»Björk hefur aldrei hlotið Grammy-verðlaun en þetta er hennar fjórtánda tilnefning.**

# Jólatréð í geymslu



**„Við ákváðum að taka enga áhættu og tókum jólatréð niður," sagði Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, í gær. Óslóartréð var flutt í gær og geymt í einni hverfisstöð borgarinnar þar til veður batnar. Þá voru teknar niður jólabjöllur sem prýddu borgina.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vilja félagslegt heilbrigðiskerfi

**HEILBRIGÐISMÁL** Stjórn BSRB mótmælir áformum heilbrigðisráðherra um að bjóða út rekstur heilsugæslustöðva. „Ljóst þykir að til standi að auka aðkomu einkaaðila að rekstri heilbrigðisþjónustunnar og það hyggst heilbrigðisráðherra gera án þess að ræða málið sérstaklega á Alþingi eða fara að vilja almennings í þeim efnum," segir í ályktun sem stjórnin sendi frá sér í gærmorgun.

Bent er á að samkvæmt alþjóðlegum samanburði komi félagslega rekin heilbrigðiskerfi, líkt og það íslenska, best út hvað varði jafnt aðgengi, lýðheilsu og hagkvæmni. „Það á að vera skýrt og yfirlýst markmið stjórnvalda að allur mögulegur „hagnaður" af rekstri heilbrigðisþjónustu eigi að fara til frekari uppbyggingar heilbrigðisþjónustunnar en ekki enda í vasa einkaaðila."

Þá segir stjórn BSRB landsmenn ítrekað hafa í skoðanakönnunum lýst yfir víðtækum stuðningi við félagslegt heilbrigðiskerfi og hafnað leiðum einkavæðingar. **– óká**

# Pólitíska vinnan er eftir

**Ráðamenn 195 þjóða hafa tekið við uppkasti að loftslagssamningi í París og munu næstu daga reyna að ná málamiðlun um einstök atriði hans. Formaður samninganefndar kveðst vera bjartsýnn. Efasemdaraddir eru þó háværar.**

**UMHVERFISMÁL** „Tilfinning mín fyrir gangi mála er góð. Nú hafa ráðamenn það hlutverk að fara yfir einstaka liði textans og reyna að ná samhljómi. Öll pólitíska vinnan er því eftir," segir Hugi Ólafsson, formaður samninganefndar Íslands, um gang mála á Loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París (COP21).

„Samningstextinn er minna og minna þvælinn en hann var í Kaupmannahöfn. Það er allt annar andi yfir öllu hérna svo miðað sé við Kaupmannahafnarfundinn. Í kvöld [í gærkvöldi] verður gefin út fyrsta stöðuskýrslan um hvernig gengið hefur á fyrsta degi viðræðnanna um samningsdrögin," segir Hugi.

Eins og fjölmiðlar um allan heim greindu frá um helgina liggja fyrir samningsdrög á tæplega 50 síðum – en stórar ákvarðanir á eftir að taka áður en hægt verður að tala um að loftslagssamningur, sem byggja skal á í framtíðinni, sé í höfn. Efasemdaraddir heyrast þó sem segja meðal annars að of mikið hafi verið skilið eftir fyrir ráðamenn að vinna sig í gegnum og of margar málamiðlanir verði niðurstaðan – og það útvatni samninginn um of. Ráðamenn hafa aðeins nokkra daga til stefnu, en Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, skoraði á þá í gærmorgun um að ná samkomulagi um trúverðugan og sanngjarnan samning.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, er í París. Hans tilfinning er sú að menn hafi af því áhyggjur að samningurinn muni ekki uppfylla væntingar, en „vonandi nægilega góður til að hægt sé að vinna með hann næstu ár og þétta leka".

Árni segir mikið rætt að atvinnulífið, fyrirtækin, fái skýr skilaboð um hvert skal stefnt. Eins séu málefni hafsins mikið til umræðu. Árni tekur til þess hversu afdráttarlaus Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var í ræðu sinni við upphaf fundar um súrnun norðurhafa þegar hann sagði að loftslagsbreytingar væru að mynda skelfilegar aðstæður í hafinu – með hlýnun þess, hækkun sjávarborðs og vegna súrnunar.

„Orð Gunnars Braga eru að mínu viti til marks um að nú fer um menn. Breytingar á sýrustigi sjávar eru meiri en síðastliðin 60 milljón ár. Ofboðslega hraðar breytingar. Vandinn er að Ísland hefur ekki skýra stefnu í loftslagsmálum," segir Árni og bætir við að sé þetta niðurstaða utanríkisráðherra knýi hún mjög á um að ríkisstjórn Íslands beiti sér fyrir verndun hafsins.

svavar@frettabladid.is




**Fram á föstudag munu ráðamenn reyna að ná málamiðlunum um innihald loftslagssamnings.** FRÉTTABLAÐIÐ/KJARTAN

### Stöðva á hættulega röskun loftslags

- Markmið Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna er „að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta. Jafnframt er það markmið samningsins að stuðla að alþjóðlegri samvinnu um að auðvelda félagslega og efnahagslega aðlögun að loftslagsbreytingum."
- Aðildarríki samningsins eru 195 talsins.
- Á Parísarfundinum er gert ráð fyrir að ganga frá framtíðarsamkomulagi með þátttöku allra aðildarríkja samningsins sem tæki gildi árið 2020. Samkomulaginu er m.a. ætlað að ramma inn sjálfviljug markmið ríkjanna, tryggja gegnsæi og samanburð og skapa ferli sem þrýstir á ríki að setja strangari markmið með tímanum.





Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Þú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samtvinnast fegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í stæði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**

# Segja útgerðarmenn sýna sjómönnum lítilsvirðingu

**KJARAMÁL** „Útgerðarmenn sem aðild eiga að SFS ættu að skammast sín fyrir þá lítilsvirðingu sem þeir sýna sjómönnum með framferði sínu.“ Þetta segir í yfirlýsingu Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Verkalýðsfélags Vestfirðinga og VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna, eftir að upp úr viðræðum slitnaði í kjaradeilunni milli samtaka sjómanna og SFS á föstudag.

Fram kemur í yfirlýsingunni að samningar sjómanna og SFS hafi verið lausir frá 1. janúar 2011 eða í tæp 5 ár. „Þann 22. maí 2012 vísaði LÍÚ, sem nú ber nafnið Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi [SFS], deilunni til ríkissáttasemjara og hótaði í leiðinni að boða verkbann á sjómenn til að knýja fram kröfur sínar um verulega skerðingu á kjörum sjómanna. Af verkbanninu varð þó ekki en enginn vilji er hjá SFS til að ljúka gerð kjarasamnings við sjómenn,“ segir þar.

Samtökin segja SFS nú á haustdögum hafa sýnt í verki áhugaleysi sitt á að ljúka kjarasamningum, ýmist með því að svara ekki málum sem fulltrúar sjómanna hafi lagt fram til lausnar deilunni, eða með útúrsnúningum og rangtúlkunum. Fulltrúar útgerðarinnar hafi jafnvel gengið svo langt að bæta í kröfur sínar um skerðingu á kjörum sjómanna. „Með framkomu sinni sýna samtök útgerðarmanna starfsfólki sínu sem starfar á skipum þeirra mikla lítilsvirðingu. Þetta gerist á sama tíma og hagnaður, á öllu tímabilinu sem samningar hafa verið lausir, hefur aldrei í sögu atvinnugreinarinnar verið jafn mikill,“ segir í yfirlýsingunni. Arðgreiðslur undanfarin ár sýni mikla velgengni. **– óká**



**Upp úr kjaraviðræðum slitnaði fyrir helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Ekkert er enn þá vitað um loðnukvóta íslenskra skipa.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Engin ráðgjöf um loðnukvóta

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun treystir sér ekki til að gefa út breytingar á áður útgefinni ráðgjöf í loðnu eftir rannsóknarleiðangur stofnunarinnar dagana 17. til 29. nóvember.

Tvennt kemur til – mun minna mældist í fyrri haustmælingum og aðstæður til rannsókna voru afleitar. Rekís á Grænlandssundi útilokaði mælingu á mikilvægum svæðum auk þess sem vindar og tilheyrandi sjólag torvelduðu og stöðvuðu ítrekað bergmálsmælingu og sýnatöku.

Ráðlagður upphafskvóti var aðeins 54.000 tonn sem aðallega gengur til Norðmanna og Færeyinga en lítið sem ekkert gengur til íslenskra skipa.

Hafrannsóknastofnun mun mæla veiðistofn loðnu að nýju í janúar/febrúar 2016 og mun endurskoða tillögur um heildaraflamark gefi niðurstöður þeirra mælinga tilefni til þess. **– shá**

## Vatnsréttindi við Sogið í mat

**SVEITARSTJÓRNIR** Grímsness- og Grafningshreppur vill að Þjóðskrá meti vatnsréttindi við Sog og Þingvallavatn til fasteignamats vegna virkjana við Steingrímsstöð, Írafoss og Ljósafoss. Einnig verður farið fram á endurmat á jarðhitahlunnindum Nesjavalla.

Hæstaréttardómur var kveðinn upp í október þess efnis að vatnsréttindi sem heyra til Kárahnjúkavirkjunar megi meta í fasteignamat. Þar með skapast nýr tekjustofn fyrir Fljótsdalshérað sem innheimt getur fasteignagjöld af Landsvirkjun vegna vatnsréttindanna. **– gar**

# Hættuástand og ófært fyrir björgunarsveitir á Suðurlandi

Hættuástandi var lýst yfir á Suðurlandi og í Vestmannaeyjum vegna óveðurs í gær. Björgunarsveitir á Suðurlandi gátu ekki sinnt útköllum nema líf lægi við. Í Eyjum setti ugg að lögreglustjóranum í versta fárviðrinu.

**SAMFÉLAG** Á sjöunda hundrað manns frá björgunarsveitum Slysavarnafélagsins Landsbjargar sinntu margvíslegum útköllum vegna fárviðrisins sem gekk yfir landið í gær. Rafmagnsleysi gerði vart við sig á Suðurlandi og á Vestfjörðum, Austurlandi og Austfjörðum. Foktjón var mikið í Vestmannaeyjum og á Suðurlandi. Á Suðurlandi gat björgunarsveitarfólk ekki sinnt útköllum vegna veðurofsans.

Sveinn Rúnar Kristjánsson, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, sagði björgunarsveitarmönnum og lögreglu ekki stefnt í hættu nema mikið lægi við.

Björgunarsveitarmenn á Suðurlandi gáfu út yfirlýsingu um að þeir færu ekki í útköll á næstunni nema mannslíf væru í húfi. „Það er ekki verjandi að stefna björgunarmönnum í hættu nema líf liggi við,“ sagði Sveinn. Um níuleytið barst tilkynning um karlmann sem talinn var í sjálfheldu á Lambafelli undir Eyjafjöllum. Ekki var unnt að senda björgunarsveitir honum til aðstoðar þar sem of mikil hætta var talin vera fyrir hendi.

„Við erum að fara hérna inn í var á Neskaupstað,“ sagði Grétar Már Kristjánsson, skipstjóri á Gnúp GK-11, þegar Fréttablaðið náði tali af honum á áttunda tímanum í gærkvöldi.

Fáir bátar voru á miðunum en þeir skipstjórar sem Fréttablaðið ræddi við höfðu ekki áhyggjur af veðrinu og sögðust hafa séð það svartara.

Guðmundur Guðmundsson, skipstjóri í afleysingum á Fjölni GK, hafði siglt bátnum í var á Faxaflóa. Hann sagðist ekki efast um að unnustur og eiginkonur skipverja hefðu áhyggjur af þeim á hafi úti en þær væru ýmsu vanar. Menn væru einfaldlega í vinnunni og þetta væri hluti af starfinu. Skipstjóri ber ábyrgð ef slys verða við þessar aðstæður.

> Við gengum í hús og vöruðum við hættunni af foki og báðum fólk um að halda sig hlémegin í húsum sínum
>
> Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum



Eiríkur Skarphéðinsson, bóndi á bænum Djúpadal í Skagafirði og fjallskilastjóri, hafði gert ráðstafanir vegna óveðursins. Hann býr á vindasömu svæði og hefur nokkrum sinnum orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna veðurs.

Hann sagði börnin á bænum nokkuð áhyggjufull vegna stormsins og ekki yrði sofið mikið í nótt. Á níunda tímanum var orðið bálhvasst í Skagafirði og rafmagn stopult. Svartakóf var í firðinum svo ekki sást á milli húsa og bændur óvissir um stöðu útihúsa eða skepna.

„Einn úr okkar hópi varð veikur svo við breyttum stefnu okkar í átt að Kópaskeri. Þar var okkur ráðlagt að halda okkur á meðan veðrið gengi yfir,“ segir Charlie Smith, einn göngugarpanna sem þurftu að leita skjóls á Kópaskeri í gærkvöldi.

Einn félagi Charlies fór að finna fyrir verkjum fyrir brjósti á leið þeirra yfir Melrakkasléttu sem setti strik í reikninginn. „Núna erum við að reyna að áætla næstu skref til að sjá til þess að við getum haldið áfram. Öll ferð okkar hingað til er í raun unnin fyrir gýg,“ segir Charlie.

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri í Vestmannaeyjum, óskaði eftir því að lýst yrði yfir hættustigi fyrir Vestmannaeyjar um átta leytið í gærkvöldi. Þá hafði þak losnað af nokkrum húsum auk frekara tjóns en engin slys orðið á fólki. Vindhraði mældist 49 m/s stuttu áður en hættustigi var lýst yfir.

Síminn á lögreglustöðinni í Vestmannaeyjum hringdi linnulaust í allt gærkvöld og íbúar voru áhyggjufullir vegna foks og tjóns. Páley segir að sett hafi að sér ugg þegar veðrið var sem verst. „Það eru helst efri byggðirnar og hús þar sem eru berskjölduð. Það hefur orðið mikið foktjón í fjórum hverfum í bænum. Við gengum í hús og vöruðum við hættunni af foki og báðum fólk um að halda sig hlémegin í húsum sínum,“ sagði Páley og sagði einhverja hafa fært sig á milli húsa og öryggisins vegna.

kristjanabjorg@frettabladid.is, stefanrafn@frettabladid.is, snaeros@frettabladid.is



**Veðrið var einna verst á Suðurlandi. Hér sjást björgunarsveitarmenn á Hvolsvelli koma fyrir braki úr kofa sem splundraðist í fárviðrinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK ÞÓR






**KÁRI STEFÁNSSON**
*læknir og erfðafræðingur, ÍE*



**ENGILBERT SIGURÐSSON**
*prófessor í geðlækningum*



**AUÐUR JÓNSDÓTTIR**
*rithöfundur*



**JÓN KALMAN STEFÁNSSON**
*rithöfundur*

# UM HEILANN

## OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

### UM HEILANN Í BLÍÐU OG STRÍÐU

### SKÖPUNARVERK HANS OG ERFÐIR

**ALLIR VELKOMNIR**

laugardaginn 12. desember kl. 14:00 - 15:30

í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

kaffi og piparkökur frá 13:30




Á vefnum getur þú fengið nánari upplýsingar
um rannsóknir okkar, skoðað upptökur frá
fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista.

decode.is/fundir

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

## Þiggja styrk til að snúa heim

**NOREGUR** Hælisleitendum í Noregi, sem fá styrk til þess að snúa heim, fjölgar verulega. Margir þeirra sem eru nýkomnir til Noregs komast að því að lífið þar er ekki eins og þeir bjuggust við. Samkvæmt frétt norska ríkisútvarpsins töldu þeir sig fljótt geta fengið vernd, vinnu og möguleika á menntun. Jafnframt að fjölskylda þeirra gæti komið til Noregs.

Afgreiðsla hælisumsóknar getur hins vegar tekið heilt ár og einnig sameining fjölskyldu. Biðin er of löng fyrir marga.

Það sem af er þessu ári hafa 900 snúið heim og fengið til þess styrk. Fjölskylda með tvö börn getur fengið jafnvirði 1,2 milljóna íslenskra króna, auk flugmiða. **– ibs**

## Bæjarstjórnin fái hærri laun

**STYKKISHÓLMUR** „Allt bendir til þess að þóknun vegna starfa bæjarfulltrúa og nefndarmanna á vegum Stykkishólmsbæjar hafi dregist aftur úr því sem almennt gerist meðal sveitarstjórna,“ segir í bókun bæjarstjórnar Stykkishólms. Í dag miðast þóknun bæjarfulltrúa og nefndarmanna við launaflokk sem við 100 prósent starf þýðir 242 þúsund króna mánaðarlaun.

Bæjarstjórnin hefur því falið Sturlu Böðvarssyni bæjarstjóra að „gera samantekt á launum bæjarfulltrúa og nefnda hjá sambærilegum sveitarfélögum og leggja fyrir næsta fund“. **– gar**

## Með bómullina í fanginu



**Unnið hörðum höndum** Bændur á Fílabeinsströndinni vinna að því að koma bómullaruppskerunni frá sér, en bómullarrækt hefur aukist töluvert í landinu. Er það bæði vegna hagstæðs veðurlags og vegna þess að fleiri bændur hafa snúið sér að henni. NORDICPHOTOS/AFP

# Endurskoða löggjöf um fóstureyðingar

**Heilbrigðisráðherra segir lög um fóstureyðingar barn síns tíma. Hann hefur falið starfsmönnum innan ráðuneytisins að undirbúa endurskoðun á löggjöfinni. Hann hyggst leggja fram frumvarp um breytingar næsta haust og vonast til að sjá breytingar á árinu 2017.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hyggst endurskoða löggjöf um fóstureyðingar sem er frá árinu 1975.

Nýverið birtist grein í Læknablaðinu þar sem gagnrýnt var að konur væru enn í þeirri formlegu aðstöðu að tveir aðilar konunni óskyldir verði að samþykkja beiðni hennar um þungunarrof.

„Ég fól starfsmönnunum sem eru að vinna á þessu sviði í upphafi árs að fara að undirbúa endurskoðun á þessum lögum vegna þess að þau eru bara barn síns tíma og það er full þörf á því að endurskoða löggjöf um þessi mál,“ segir Kristján Þór. Hann segist vilja að löggjöfin verði endurskoðuð í heild sinni.

„Megináhersla mín í þessum efnum er að konur hafi ákvörðunarvald yfir eigin málum. Í mínum huga er þetta ákvörðun sem konan sjálf er best búin og fær um að taka og hún á að hafa ákvörðunarvaldið í þessu efni.“

Í greininni Þungunarrof á Íslandi í 80 ár. Góð reynsla en er þörf á að breyta? sem birtist í nýjasta tölublaði Læknablaðsins fyrir skömmu, rekja fjórir reyndir heilbrigðisstarfsmenn sögu fóstureyðingarlöggjafar á Íslandi.

Silja Bára Ómarsdóttir stjórnmálafræðingur gaf nýlega út bók byggða á reynslusögum kvenna sem farið hafa í fóstureyðingu hér á landi. Hún tekur undir gagnrýnina.

„Við erum með dæmi frá konum sem tala um niðurlægingu, að þurfa að spyrja einhvern annan og efann sem vaknar hjá konum þegar þær fara í gegnum þetta ferli,“ sagði Silja Bára við Stöð 2 um liðna helgi.

Ísland var meðal fyrstu landa í Vestur-Evrópu til að setja lög sem leyfðu fóstureyðingar árið 1935. Fram að því voru engar heimildir til að framkvæma slíkar aðgerðir. Höfundarnir færa rök fyrir því að núgildandi lög, lög nr. 25 frá 1975, „Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“, þurfi að endurmeta til að láta þau sjónarmið ráða för sem styðja nútímalegt sjálfræði kvenna. En samkvæmt lögunum þurfa tveir aðilar óskyldir konunni sem hyggst fara í fóstureyðingu að samþykkja beiðni hennar um þungunarrof.

> **Í mínum huga er þessi löggjöf bara barn síns tíma og frá árinu 1975. Það er full þörf á því að endurskoða hana þó ekki væri nema bara í því ljósi.**
>
> Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra



Kristján Þór segir að vinnan miðist við að leggja fram frumvarp um breytingu á lögum á næsta haustþingi. „Vonandi getum við þá séð einhverjar breytingar á löggjöfinni á árinu 2017,“ segir Kristján Þór. Hann vill ekki spá hvort þverpólitísk sátt náist um málið. „Ég fól starfsmönnunum sem eru að vinna á þessu sviði hér að hefja undirbúning að þessari vinnu, svo þegar við erum lengra komin getur vel verið að við útvíkkum hópinn. Sjáum bara til hverju starfið skilar okkur.“

saeunn@frettabladid.is








**COLUMBIA** FLASH FORWARD
Stærðir XS–XL
**24.990 KR.**



**DIDRIKSONS** PATCH
Stærðir S–XXL
**24.990 KR.**



**DEVOLD** POLAR BABY
Stærðir 74–98
**13.790 KR.**



**TATONKA** BARREL
65, 85 og 110 L
Frá
**19.990 KR.**



**SOREL** TIVOLI II
Stærðir 36,5–42
**19.990 KR.**



**SOREL** YOOT PACK BARNASKÓR
Stærðir 32–39
**13.990 KR.**



**TATONKA** LEGGHLÍFAR
420 HD
**6.890 KR.**



**TATONKA** LIVAZ BAKPOKI 25 L
**24.990 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK og KVK
**10.890 KR.**



**DEVOLD** DUO ACTIVE
Stærðir S–XXL | KK og KVK
**10.890 KR.**



**BERGANS** DÚNLÚFFUR
**12.990 KR.**



**BROWNING** DIRTY BIRD
Stærðir S–XXL
**49.390 KR.**



**BROWNING** DIRTY BIRD
Stærðir S–XXL
**39.490 KR.**



**SOREL** CARIBOU
Stærðir 40–46
**29.990 KR.**



**DIDRIKSONS** YED ÚLPA
Stærðir S–XXL
**29.990 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA

**REYKJAVÍK** • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 **AKUREYRI** • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630

Munið gjafabréfin!




*Afgreiðslutímar í desember*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þri. 8. des. | 10-18 | Sun. 13. des. | 12-18 | Fös. 18. des. | 10-22 | Þorláksmessa | 10-23 |
| Mið. 9. des. | 10-18 | Mán. 14. des. | 10-18 | Lau. 19. des. | 10-22 | Aðfangadagur | 10-12 |
| Fim. 10. des. | 10-18 | Þri. 15. des. | 10-18 | Sun. 20. des. | 12-22 | Jóladagur | Lokað |
| Fös. 11. des. | 10-18 | Mið. 16. des. | 10-18 | Mán. 21. des. | 10-22 | | |
| Lau. 12. des. | 10-18 | Fim. 17. des. | 10-22 | Þri. 22. des. | 10-22 | | |

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Verð og stærðir birt með fyrirvara um prentvillur.

## NORÐURLÖNDIN




### Herða reglur um hælisleitendur

**1 DANMÖRK** Borgaralegu flokkarnir og jafnaðarmenn hafa náð samkomulagi um hertar reglur um móttöku hælisleitenda. Leggja á fram frumvarp þess efnis. Flóttamenn sem fengið hafa vernd til bráðabirgða þurfa að bíða í þrjú ár eftir að fá fjölskyldu sína til sín. Hælisleitendur þurfa að greiða fyrir dvöl í flóttamannabúðum og mega yfirvöld taka frá þeim verðmæti til að tryggja greiðslu.



### Fleiri kaupa vændi í desember

**2 NOREGUR** Fleiri karlmenn kaupa kynlífsþjónustu á tíma jólahlaðborða en á öðrum tíma ársins. Þetta hefur norska ríkisútvarpið eftir starfsmönnum mansalsdeildar norsku lögreglunnar. Lögreglan biður vændiskaupendur um að hafa í huga að flestar stúlkurnar hími ekki úti í desemberkuldanum í Ósló af fúsum og frjálsum vilja. Vændiskaupendur þurfa að greiða sem nemur 375 þúsundum íslenskra króna í sekt.

### Stöðvuðu stúlku á leið til ISIS

**3 SVÍÞJÓÐ** Sænsk stúlka sem var á leið til samstarfs við samtökin Íslamska ríkið, ISIS, var stöðvuð í Austurríki. Lýst hafði verið eftir stúlkunni, sem er fædd og uppalin í Svíþjóð, í nokkra daga. Sænska blaðið Expressen hefur það eftir fjölskyldu hennar að hún hafi verið orðin róttæk og talað jákvætt um samtökin. Hún hafi ekki skilið í hvaða hættu hún hafi verið að setja sig.

# Ríkissáttasemjari ræður næstu skrefum

**Engar viðræður hafa farið fram í kjaradeilu starfsmanna við álverið í Straumsvík frá því verkfalli var aflýst. Samtök atvinnulífsins segja ákvæði um verktöku í veginum. Formaður VM segir að taka yrði upp ákvæði um að tryggt væri að verktakar fengju ekki lakari laun.**

**KJARAMÁL** Líklegt er að ríkissáttasemjari boði til næsta fundar í kjaradeilu starfsmanna og ISAL, álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík. „Menn búast við að það verði í vikunni,“ segir Guðmundur Ragnarsson, formaður VM – félags vélstjóra og málmtæknimanna, en það á aðild að viðræðunum við Samtök atvinnulífsins (SA) og ISAL.

Guðmundur segir engar viðræður hafa átt sér stað frá því að verkfalli starfsmanna var aflýst í byrjun mánaðarins. „Það er algjör biðstaða í gangi og hvorugur deiluaðili hefur haft frumkvæði að því að funda. Þannig að það hefur ekkert breyst.“ Fundur hjá ríkissáttasemjara sé því rétti vettvangurinn fyrir næstu skref.

Þá segir Guðmundur ekki rétt sem haldið hefur verið fram að deilan um ákvæði samningsins sem meinar ISAL að útvista störfum til verktaka sé það eina sem standi í vegi fyrir undirskrift. Til dæmis hafi SA og ISAL ekki enn viðurkennt að sömu forsenduákvæði eigi að vera í þessum samningi á samningstímanum og þeim sem hafi verið gerðir á almenna markaðnum, svo sem um launaþróun og slíka hluti.

Það sé ekki alveg einfalt að eiga við kröfu fyrirtækisins um aukna verktöku, þótt um grundvallarkröfu sé að ræða hjá fyrirtækinu. Þá eigi eftir

> **Það er algjör biðstaða í gangi og hvorugur deiluaðili hefur haft frumkvæði að því að funda. Þannig að það hefur ekkert breyst.**
> Guðmundur Ragnarsson formaður VM



að ræða hvað koma eigi á móti fallist verkalýðsfélögin á að slaka á þessu ákvæði. „Til dæmis að inn kæmi ákvæði um að tryggt yrði að verktakar séu ekki á slakari launum en þeir sem eru inni á svæðinu líkt og ákvæði er um fyrir austan,“ segir hann.

Þar fyrir utan segir Guðmundur ákveðinn „ómöguleika“ í því fólginn að láta starfsmenn kjósa um samning sem opni fyrir aukna verktöku fyrirtækisins. „Þarna er á endanum um meira að ræða en þessi þrjátíu og tvö störf sem rætt hefur verið um,“ segir hann og telur að á endanum séu um hundrað störf undir í álverinu. „Og hvernig á að láta kjósa um kjarasamning þar sem 100 af 330 starfsmönnum eru að kjósa um að missa vinnuna?“

olikr@frettabladid.is



Í álveri Rio Tinto Alcan í Straumsvík. Talsmenn verkalýðsfélaga segja að ef opnað verði fyrir aukna verktöku séu á endanum um hundrað störf í húfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Óskiljanleg andstaða við kröfur

Í samantekt um viðræður Samtaka atvinnulífsins (SA), fyrir hönd ISAL, og samflots verkalýðsfélaga starfsmanna í álverinu í Straumsvík á vef SA segir að samkomulag liggi fyrir um kjaramálin. Undirritun samnings strandi á kröfu um að aflétt verði takmörkun ISAL á því að fela verktökum ýmis verkefni. „Þetta ákvæði, og túlkun þess, er einsdæmi í íslenskum kjarasamningum,“ segir á vef SA og bent á að ákvæði hafi komið inn í kjarasamninginn árið 1972, þegar allar aðstæður hafi verið gerólíkar því sem nú gerist.

„Kjarni málsins er því sá að ISAL býr eitt fyrirtækja í landinu við kjarasamning sem takmarkar heimildir þess til að leita til verktaka við að sinna ýmiss konar stoðstarfsemi og getur því ekki leitað hagkvæmustu lausna í rekstrinum.“ ISAL hafi lýst því yfir að öllum starfsmönnum sem sinna störfum, sem verktökum yrðu hugsanlega falin í kjölfarið, verði boðin önnur störf í fyrirtækinu. „Í ljósi alls þessa er andstaða verkalýðshreyfingarinnar við sjálfsagðar kröfur ISAL óskiljanleg.“






Nicolas Maduro forseti viðurkenndi ósigur Sósíalistaflokksins en sagði lýðræðið hafa sigrað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sósíalistar hafa tapað völdum í Venesúela

**VENESÚELA** „Við höfum tapað orrustu í dag, en baráttan fyrir því að byggja upp nýtt samfélag er rétt að hefjast,“ sagði Nicolas Maduro, forseti Venesúela, þegar ljóst var að Sósíalistaflokkur hans hafði tapað þingmeirihluta sínum.

Sósíalistaflokkurinn hefur stjórnað Venesúela í sextán ár, eða allt frá því Hugo Chavez vann stórsigur í forsetakosningum árið 1999.

Chavez naut mikilla vinsælda, ekki síst fyrir að nota olíuauð landsins til að bæta hag almennings. Hann þjóðnýtti ýmis helstu iðnfyrirtæki landsins og gerði breytingar á stjórnarskrá til þess meðal annars að styrkja stöðu forsetaembættisins.

Maduro tók við embættinu eftir að Chavez lést árið 2013 og hefur haldið áfram á svipaðri braut sósíalísks hagkerfis.

Efnahagserfiðleikar hafa hins vegar hrjáð landið undanfarin misseri, ekki síst vegna óvenju lágs olíuverðs á heimsvísu. Verðbólgan er komin upp yfir 100 prósent og skortur er á ýmsum nauðsynjavörum í landinu.

Maduro viðurkenndi fúslega ósigur flokks síns í þingkosningunum og sagði stjórnarskrá landsins og lýðræðið hafa sigrað . Nú tekur við völdum bandalag stjórnarandstöðuflokka af hægri væng og miðju stjórnmálanna. – gb




# Ný kynslóð sportjeppa Mercedes-Benz GLC

Mercedes-Benz GLC er nýr sportjeppi sem svarar kröfum nútímans um aukinn kraft, bætta aksturseiginleika, meira rými, þægindi og sportlegt útlit. Af búnaði má nefna byltingarkennda níu gíra 9G-TRONIC sjálfskiptingu og DYNAMIC SELECT, sem gerir ökumanni kleift að velja milli fimm akstursskerfa og laga þannig eiginleika bílsins að aðstæðum hverju sinni. Í vetrarfærðinni kemur svo 4MATIC fjórhjóladrifið sér vel við að komast vandræðalaust á áfangastað.

Komdu í Öskju og kynntu þér þennan einstaka sportjeppa.

## Verð frá 8.360.000 kr.

GLC 220 d með 9 þrepa sjálfskiptingu og 4MATIC fjórhjóladrifi.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

# Ástand heimsins







1. Ungbarni bjargað úr rústum í borginni Aleppo í Sýrlandi eftir loftárás, sem stjórnarherinn er sagður bera ábyrgð á. Nærri fimm ára styrjöld í landinu hefur kostað meira en 250 þúsund mannslíf. NORDICPHOTOS/AFP

2. Fjöldabrúðkaup var haldið í Surat á Indlandi um helgina. Alls gekk þar 151 kona í hjónaband, en allar eru þær föðurlausar. Auðkýfingur, sem hagnast hefur á demantaviðskiptum, ákvað að gera þeim kleift að giftast með því að greiða fyrir þær heimanmundinn. NORDICPHOTOS/AFP

3. Mikil þoka var víða í Punjab-héraði í Pakistan í gær, þar á meðal í borginni Lahore þar sem umferðin mjakaðist áfram. NORDICPHOTOS/AFP

4. Félagi í franska Sósíalistaflokknum bugaðist eftir að úrslit sveitarstjórnarkosninga um helgina lágu fyrir. NORDICPHOTOS/AFP

5. Kafari í hafmeyjubúningi svamlar um í fiskabúri í Kúala Lúmpúr. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA









# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®




16.900 m/vsk



3.900 m/vsk



6.900 m/vsk

TILBOÐ



14.900 m/vsk



5.900 m/vsk



8.900 m/vsk

## OLÍUSÍUSETT 16 STK

Passar fyrir 16 stærðir af olíusíum.
66 - 108mm 3 arma olíusíutöng fylgir
65 - 120mm

TJGAI1601

**9.900 m/vsk**

Okkar besta verð



## 7 SKÚFFUR

283 verkfæri — 177.750 m/vsk



## FELGUTOPPASETT 3 STK

Stærðir:
17, 19, og 21mm
Sterk plasttaska

vnr IBTGDAI0301

**2.690 m/vsk**

Fullt verð 3.480



TILBOÐ

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900 m/vsk**

Fullt verð 22.073



## 5 SKÚFFUR

157 verkfæri — 129.900 m/vsk



## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

I9601

**21.900 m/vsk**

lt verð 35.909



## VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI106B

**20.900 m/vsk**

Fullt verð 32.535



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI151R

**29.900 m/vsk**

Fullt verð 39.688






## NÝ VERSLUN

Skútuvogi 1, Reykjavík

# Bandaríkin ekki í stríði við múslima

**Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, varar við því að láta óttann við hryðjuverk kljúfa þjóðina. Hvetur þingið til að herða skotvopnareglur. Forsetaframbjóðendur repúblikana lítt hrifnir af boðskapnum. Donald Trump segir Bandaríkjamenn þurfa nýjan forseta, fljótt.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama ávarpaði þjóð sína á mánudagskvöldið í tilefni af fjöldamorðunum í Kaliforníu í síðustu viku, þegar ung hjón myrtu fjórtán manns á vinnustað eiginmannsins.

„Það er greinilegt að þau tvö hafa gengið niður þá braut að láta róttæknina heltaka sig,“ sagði forsetinn. „Þannig að þetta voru hryðjuverk sem áttu að kosta saklaust fólk lífið.“

Megininntak ávarpsins var þó að vara Bandaríkjamenn við því að láta þetta voðaverk verða til þess að kljúfa þjóðina í fylkingar. Bandaríkin standi ekki í neinu stríði við múslima.

„Það þýðir samt ekki að afneita eigi þeirri staðreynd að öfgahugmyndir hafa breiðst út í sumum samfélögum múslima. Þetta er raunverulegt vandamál sem múslimar verða að takast á við, undanbragðalaust.“

Ávarpið flutti Obama frá skrifstofu sinni Hvíta húsinu, en þetta er í þriðja sinn frá því hann tók við embætti fyrir sjö árum sem hann ávarpar þjóð sína þaðan. Og vildi með því greinilega leggja sérstaka áherslu á mikilvægi boðskaparins.

Forsetaframbjóðendur Repúblikanaflokksins voru hins vegar engan veginn hrifnir af boðskapnum.

„Er þetta allt og sumt? Við þurfum nýjan forseta. Fljótt!“ sagði Donald Trump, auðkýfingurinn sem samkvæmt skoðanakönnunum mælist enn með mesta fylgið.

Obama kallaði þó á ýmsar aðgerðir og fór yfir baráttu Bandaríkjanna gegn hryðjuverkamönnum, sem staðið hafi yfir allt frá því Al Kaída myrti nærri þrjú þúsund manns þann 11. september árið 2011.

„Ógnin frá hryðjuverkamönnum er raunveruleg, en við munum sigrast á henni,“ sagði hann. Árangurinn muni hins vegar ekki ráðast af því að menn tali harkalega eða láti óttann ná tökum á sér. Það sé nákvæmlega það sem hópar á borð við Íslamska ríkið vonist til.

„Það er á okkar ábyrgð að hafna tillögum um að bandarískir múslimar sæti öðruvísi meðferð en aðrir. Því ef við fetum þá braut, þá munum við tapa.“

Hann hvatti síðan Bandaríkjaþing til þess að samþykkja hertar reglur um skotvopn, rétt eins og hann hefur iðulega gert þegar fjöldamorð eru framin í Bandaríkjunum.

Hann sagði þingið einnig þurfa að setja lög um að kanna betur bakgrunn fólks sem kemur til Bandaríkjanna án vegabréfsáritunar, þannig að í ljós komi hvort það hefur ferðast til átakasvæða.

Loks eigi þingið að samþykkja heimild til Bandaríkjahers til þess að beita herafli gegn Íslamska ríkinu.

„Í meira en ár hef ég gefið her okkar skipanir um að gera þúsundir loftárása gegn Íslamska ríkinu. Ég tel að það sé kominn tími til þess að þingið gangi til atkvæða.“

gudsteinn@frettabladid.is




**Obama Bandaríkjaforseti flutti ávarpið frá skrifstofu sinni í Hvíta húsinu til að leggja sérstaka áherslu á mikilvægi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA





NÝR VINNUHESTUR FRÁ ISUZU

VERÐ 5.790.000 BEINSKIPTUR, 6 GÍRA

NÝTT MEIRI DRÁTTARGETA

3500KG

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 l/100 km*

Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbílarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflokki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3500 kg.

*Miðast við beinskiptan bíl í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM72388

B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar, Reykjanesbæ, www.gebilar.is, 420 0400
Bílasalan Bílás, Akranesi, www.bilas.is, 431 2622
Bílasala Akureyrar, Akureyri, www.bilak.is, 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands, Egilsstöðum, www.bva.is, 470 5070
IB ehf., Selfossi, www.ib.is, 480 8080
BL söluumboð, Vestmannaeyjum, 481 1313, 862 2516




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 15-2667

# Hreint – hlýtt – bjart

## Öflugt þjónustufyrirtæki á traustum grunni

Veitur eru dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Veitur hafa séð um rekstur **hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu** og **fráveitu** á þjónustusvæði fyrirtækisins frá því að OR var skipt upp 1. janúar 2014. Nú kynnum við nýtt merki og nýja ásýnd.

Veitur annast umfangsmikil kerfi sem hafa þróast með breyttum lífsháttum og byggðamynstri og munu halda áfram að taka mið af þörfum íbúanna fyrir vatn, rafmagn og umhverfisvæna fráveitu.

Það sem við gerum er að miklu leyti ósýnilegt.
Engu að síður erum við í sambandi alla daga.

**Við erum Veitur**

Hjá Veitum starfar mjög fjölbreyttur hópur við fjölbreytileg verkefni sem hafa það sameiginlega markmið að vinna að þjónustu í almannaþágu.

**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR

# Verðtrygging skiptir engu máli



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, var tekinn tali í sjónvarpsþættinum Eyjunni á Stöð 2 á sunnudagskvöld. Hann ræddi þar stöðu efnahagsmála, en var einnig spurður út í verðtrygginguna sem margir hafa illan bifur á.

Fram kom í máli Steinþórs að bankarnir væru hvorki að reyna að koma í veg fyrir að verðtryggingin yrði bönnuð né afnumin. „Okkur er svo sem alveg sama með þessa verðtryggingu,“ sagði hann. „Við teljum bara mikilvægt að viðskiptavinirnir hafi val.“

Bankarnir eru nefnilega ekki að fara að gefa neinum peninga þótt bannað yrði að bjóða verðtryggð lán. Starfsemi þeirra gengur út á að geyma ýmist eða lána peninga og hafa af því tekjur um leið. Til að verja sig tapi í óstöðugu efnahagsumhverfi eru vextir bara hafðir hærri á óverðtryggðum lánum.

Háir vextir eða sveiflur í vaxtastigi geta svo komið þeim í vandræði sem greiða þurfa af háu láni. Það búa ekki allir svo vel að ráða við að mánaðarlegar afborganir láns hækki um tugi þúsunda (og jafnvel meira) vegna verðbólguskots.

Í hruninu bauðst þeim sem voru með þannig lán eða lán í erlendri mynt að festa afborgunina við einhverja viðráðanlega upphæð og bæta mismuninum „aftan á“ lánið, við höfuðstólinn. Eitthvað er lítill munur á þessu og verðtryggðu láni.

Tilfellið er nefnilega að það er ekki verðtryggingin sem er vandamálið. Vandamálið er verðbólgan og hún verður seint afnumin eða bönnuð. Til að kljást við hana þarf ábyrga hagstjórn og hagstjórnartæki sem stuðla að stöðugleika, svo sem alþjóðlegan stöðugan gjaldmiðil sem tryggt getur fjárfestum, fyrirtækjum og almenningi stöðugt rekstrarumhverfi og fyrirsjáanleika. Að maður tali nú ekki um margfalt lægri vexti.

Í því umhverfi sem okkur er búið, með íslenska krónu, væri algjört glapræði að banna verðtryggingu. Hún er nauðvörn til þess gerð að fólk missi ekki allt út úr höndunum í efnahagssveiflum. En með þeim tilkostnaði, vitanlega, að hér er margfalt kostnaðarsamara að skulda en í nágrannalöndunum, sem nota evru eða hafa bundið gjaldmiðil sinn við hana með samningi við Seðlabanka Evrópu.

Í viðtalinu á Stöð 2 benti Steinþór líka á að í dag væru raunvextir af verðtryggðum lánum lægri en af óverðtryggðum. „Verðtryggingin léttir greiðslubyrðina en á móti kemur að eignamyndunin er mun hægari,“ sagði hann. „Við sem höfum kynnst verðbólgu í þessu landi – flest öll – erum svolítið mikið að velta fyrir okkur tvennu; hverjir eru raunvextirnir og hver er greiðslubyrðin.“ Þess vegna væru þeir margir sem veldu sér verðtryggð lán.

Til að ráða við sveiflur afborgana óverðtryggðra lána þarf fólk að vera sterkefnað. Og þótt vel fari um þann hóp í því efnahagsumhverfi sem hér hefur verið komið á, er kannski orðið vel tímabært að hinir sem borga brúsann af kostnaðinum við krónuna, velti því fyrir sér í alvöru hvort ekki sé komið nóg.

**Í því umhverfi sem okkur er búið, með íslenska krónu, væri algjört glapræði að banna verðtryggingu. Hún er nauðvörn til þess gerð að fólk missi ekki allt út úr höndunum í efnahagssveiflum.**

## Halldór




ÞAÐ LÍÐUR AÐ JÓLUM
ROYAL CORINNA
Þægileg millistíf dýna með fimm-svæðaskiptu poka-gorma kerfi og góðann mjúkan topp ásamt hörðum PU-leðurklæddum botni á stál löppum
Stærð: 90x200cm Verð: 83.709 kr.- Tilboð: 66.967 kr.
Stærð: 120x200cm Verð: 98.036 kr. Tilboð: 78.429 kr.
Stærð: 153x200cm Verð: 124.620 kr. Tilboð: 99.696 kr.

rekkjan
HEILSURÚM
ARGH!!! 241115

## Frá degi til dags

**Klassískur íslenskur stjórnmálaleikur**

Rétt áður en þingmenn forðuðu sér úr þinghúsinu vegna veðurofsans í gær áttu Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, og Bjarni Benediktsson í rimmu um lækkun tryggingargjaldsins. Báðir færðu ágætis rök fyrir máli sínu en Árni spurði af hverju gjaldið yrði ekki lækkað hressilega um áramótin. Í umræðunum sagði Bjarni að nú væri hafinn klassískur íslenskur stjórnmálaleikur: „hver ber ábyrgð á ruglinu?“ Það er rétt hjá Bjarna að það er þreytandi þegar stjórnmálamenn eigna sér eða öðrum afrek eða afleik. Þó var það glettilegt að Bjarni lauk ræðu sinni á orðunum: „[Tryggingargjaldið] mun ekki hækka eins og í tíð síðustu ríkisstjórnar.“

**Jólunum frestað**

Alþingi var einn þeirra fjölda vinnustaða sem lokað var í gær vegna veðurs. Þingfundi var frestað rétt fyrir fjögur vegna yfirvofandi óveðurs en lítið þarf til að setja starfsemi úr skorðum þessa dagana þar sem einungis fáir þingfundir eru eftir samkvæmt starfsáætlun Alþingis. Því er ljóst að þingið mun lenda í öngstræti við afgreiðslu ráðherramála og fjárlagafrumvarpsins sem mun varla létta andrúmsloftið á Alþingi. Þá var fyrirhuguðum jólaveislum þingflokkanna einnig frestað en skortur á hópefli í árslok er ekki til þess fallinn að bæta langlundargeð lúinna þingmanna.

stefanrafn@frettabladid.is

# Þar sem eru breytingar þar eru tækifæri



Almar Guðmundsson
framkvæmdastjóri SI

Miklar væntingar eru gerðar til loftslagsráðstefnunnar COP21 í París. Þar verður þess freistað að ná samkomulagi um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Þegar markmiðin hafa verið sett þarf að setja af stað vinnu til að ná þeim. Það verður ekki gert án aðkomu fyrirtækja. Þau leggja til tæknilausnir sem breyta framleiðsluferlum og koma með nýjar vistvænni lausnir. Það er mikilvægt að samkomulag náist í París. Skýr umgjörð um málaflokkinn eykur líkur á að fyrirtæki leggi í þá vegferð að fjárfesta í loftslagsvænni tækni. Í sóknaráætlun um loftslagsmál leggja stjórnvöld áherslu á sjávarútveg og samgöngur. Fjölmörg íslensk iðnfyrirtæki bjóða lausnir sem minnka orkunotkun í sjávarútvegi með betri tækjabúnaði, orkustýringu og bættri nýtingu hráefnis. Einnig framleiða íslensk fyrirtæki eldsneyti fyrir samgöngur og skip. Heimurinn kallar eftir tæknilausnum sem minnka losun gróðurhúsalofttegunda og við getum gripið tækifærið. Þannig stuðlum við að minni losun, ekki bara heima fyrir heldur einnig á alþjóðavettvangi. Stuðningur stjórnvalda styrkir uppbyggingu á sterkri atvinnugrein, grænni tækni. Samtök iðnaðarins fagna því áherslu stjórnvalda á þessu sviði.

Stóriðja er sá einstaki geiri sem losar mest hérlendis. Losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju fellur undir viðskiptakerfi Evrópusambandsins með loftslagsheimildir. Þannig sitja fyrirtækin við sama borð og önnur stórfyrirtæki í Evrópu og lúta þeim ströngu reglum sem þar gilda um vöktun losunar og sölu á losunarheimildum. Stóriðjan hefur náð gríðarlega góðum árangri og losun á hvert tonn af áli sem er framleitt hefur minnkað um rúm 70% frá árinu 1990, sem er viðmiðunarár Kyoto-samkomulagsins. Heildarlosunin hefur samt aukist talsvert samhliða aukinni framleiðslu. Orkunotkun á hvert unnið tonn af áli hefur hins vegar minnkað. Fyrirtækin leggja metnað í að ná eins góðum árangri og hægt er enda ná íslensku álfyrirtækin einna besta árangri sem þekkist í heiminum. Atvinnulífið er stór hluti vandans því þar er stór uppspretta gróðurhúsalofttegunda. En gleymum því ekki að atvinnulífið er hreyfiafl sem getur komið með lausnirnar. Þar sem eru breytingar, þar eru tækifæri.

**Atvinnulífið er stór hluti vandans því þar er stór uppspretta gróðurhúsalofttegunda. En gleymum því ekki að atvinnulífið er hreyfiafl sem getur komið með lausnirnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Nýting orkulinda Íslands dregur úr gróðurhúsaáhrifum



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Ísland hefur náð einstökum árangri í notkun á endurnýjanlegri orku við raforkuframleiðslu og húshitun. Um 80% af orkunotkun Íslendinga eru frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Það er árangur sem engin önnur þjóð hefur náð. Þessi auðlind okkar hefur haft mikil áhrif á lífskjör á Íslandi og aukið lífsgæði, m.a. með því að færa okkur ódýrt rafmagn og gera okkur kleift að kynda híbýli okkar eftir þörfum.

Alls eru 80% af raforku á Íslandi notuð í iðnað, sem óhjákvæmilega veldur losun gróðurhúsalofttegunda, en á sama tíma hefur aukin notkun áls og kísilmálms jákvæð áhrif á umhverfi. Áliðnaðurinn með því að létta farartæki og kísilmálmur sem framleiðsluefni í sólarrafhlöður.

Frá 1990 hefur raforkunotkun í heiminum nálega tvöfaldast. Stærstum hluta aukningarinnar hefur verið mætt með brennslu á kolum og öðru jarðefnaeldsneyti, með mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Gegn þessu þarf að sporna.

**Hlutur vatnsorku í heiminum minnkað**

Raforkan á Íslandi er nánast eingöngu unnin með vatnsafli og jarðvarma og sú vinnsla hefur í för með sér margfalt minni losun gróðurhúsalofttegunda á orkueiningu en þegar jarðefnaeldsneyti er brennt. Þannig er t.d. losun frá Fljótsdalsstöð (Kárahnjúkavirkjun) um 0,3% af losun frá kolaorkuveri og um 0,6% ef miðað er við jarðgas.

Framleiðsla á áli í heiminum hefur nálega þrefaldast á síðustu 25 árum. Stærstum hluta þessarar aukningar hefur verið mætt með raforku sem unnin er með því að brenna kolum og jarðgasi, einkum í þróunarríkjunum. Síðan 1990 hefur hlutur kola og jarðgass nærri tvöfaldast, á meðan hlutur vatnsorkunnar hefur nærri helmingast.

Frá 1990, sem er viðmiðunarár Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, hefur raforkusala á Íslandi til stóriðju rúmlega sexfaldast. Að langstærstum hluta er um að ræða aukna álframleiðslu, en einnig hefur orðið aukning hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og nýr stórkaupandi, Becromal við Akureyri, hefur hafið rekstur.

**Sex milljónum tonna minni losun**

Aukin nýting vatnsafls og jarðvarma á Íslandi, í stað orkuframleiðslu með brennslu jarðefna annars staðar, hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum. Sé miðað við losun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkuvinnslu til álframleiðslu í heiminum má færa sterk rök fyrir því að aukning í sölu á rafmagni til stóriðju hér á landi hafi á síðasta ári komið í veg fyrir losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur rúmlega sex milljónum tonna af koldíoxíði. Þetta er mun meira en heildarlosun Íslands vegna allrar starfsemi í landinu, heimila, iðnaðar, samgangna, fiskveiða o.s.frv. Árið 2012 var heildarlosunin um 4,5 milljónir tonna.

*Aukin nýting vatnsafls og jarðvarma á Íslandi, í stað orkuframleiðslu með brennslu jarðefna annars staðar, hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum.*

Í Kýótóbókuninni er lögð áhersla á að þjóðir heims nýti endurnýjanlegar orkulindir til að mæta orkuþörf mannkyns. Íslendingar ráða yfir mun meiri slíkum orkulindum en þeir hafa þörf fyrir vegna starfsemi innanlands. Nýting endurnýjanlegra orkulinda Íslands er því ein af leiðunum sem þarf að nota til að ná lokamarkmiði loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna. Við getum verið stolt af okkar framlagi.

# Fræði og fjölmenning



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Á öllum starfs- og fræðasviðum Háskóla Íslands má skynja að íslenskt samfélag verður fjölbreyttara með hverju árinu sem líður. Sú þróun birtist okkur í háskólanum bæði í viðfangsefnum náms og rannsókna, en ekki síður í fjölbreyttum starfsmanna- og nemendahópi. Þessari þróun fögnum við enda starfar háskólinn eftir þeirri sannfæringu að fjölbreytni ýti undir nýsköpun og framþróun samfélagsins.

Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru margþættar en hér spila meðal annars saman síaukin atvinnu- og námstækifæri fyrir fólk af erlendum uppruna, landkynning og öflugt vísindastarf sem hefur aukið áhuga alþjóðasamfélagsins á Íslandi, en einnig fólksflutningar vegna átaka í öðrum heimshlutum.

Háskóli Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í þróun íslensks fjölmenningarsamfélags og það hlutverk rækir hann meðal annars með því að stuðla að fræðslu, rannsóknum og stuðningi við upplýsta umræðu um málefni innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda. Sem lið í því að sinna þessu hlutverki hefur háskólinn því hrundið af stað fundaröð undir yfirheitinu Fræði og fjölmenning. Ráðstefna um efnið er jafnframt í undirbúningi. Markmiðið er að stuðla að enn frekari umræðu og fræðslu á sviði fjölmenningar með aðkomu fræðimanna, fagfólks, stjórnmálamanna, nema og almennings. Þetta er til viðbótar við það mikilvæga rannsókna- og fræðslustarf sem nú þegar er unnið innan háskólans á þessu sviði.

Við Háskóla Íslands fögnum við því að tæplega 10% nemenda skólans koma erlendis frá. Á hinn bóginn er áhyggjuefni að hlutfall háskólanema sem eru innflytjendur endurspeglar ekki nægilega vel hlutfall innflytjenda í íslensku samfélagi. Þetta er ein af þeim áskorunum sem blasa við fjölmenningarsamfélögum. Þessari áskorun þarf íslenskt samfélag að mæta af festu með lausnamiðuðu hugarfari, vandaðri og upplýstri samræðu og samvinnu.



*Við Háskóla Íslands fögnum við því að tæplega 10% nemenda skólans koma erlendis frá. Á hinn bóginn er áhyggjuefni að hlutfall háskólanema sem eru innflytjendur endurspeglar ekki nægilega vel hlutfall innflytjenda í íslensku samfélagi.*

Fjölmenningarsamfélag er samfélag fólks á öllum aldri. Því er mikilvægt að huga sérstaklega að þátttakendunum í því til lengri tíma litið, þ.e.a.s. börnum og ungu fólki af erlendum uppruna. Í ljósi þess hve mikilvægt þetta er hefur verið ákveðið að næsti hádegisfundur í röðinni Fræði og fjölmenning, sem fram fer í Þjóðminjasafninu á Alþjóðlega mannréttindadaginn þann 10. desember nk., muni fjalla um þetta málefni út frá sjónarhorni menntunar. Við vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta og taka þannig þátt í samtalinu með okkur.

**MENNINGARVIÐURKENNINGAR RÚV**

Ríkisútvarpið er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar og býður upp á fjölbreytt menningarefni og listumfjöllun í öllum miðlum sínum. Menningarefni hefur fengið aukinn forgang og metnaður stendur til að RÚV sé vettvangur nýsköpunar í listalífi landsins.

**Menningarviðurkenningar RÚV verða veittar á þrettándanum.** Styrkir úr **Rithöfundasjóði, Tónskáldasjóði** og **Leiklistarsjóði Þorsteins Ö. Stephensen. Krókurinn** verður veittur fyrir lifandi dægurtónlistarflutning og tilkynnt um **orð ársins**.

**Opið er fyrir umsóknir** um styrki úr Tónskáldasjóði og Leiklistarsjóði Þorsteins Ö. Stephensen.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. desember 2015.**

Nánari upplýsingar á ruv.is/menningarvidurkenningar
RÚV hvetur bæði konur og karla til að sækja um styrkina.



RÚV
okkar allra

FÁRÁNLEGA
FLOTTUR PAKKI



365
365.is
Sími 1817

## SUÐUPOTTURINN ÍSLAND

Hvernig byggjum við fordómalaust samfélag?

Í kjölfar hryðjuverkanna í París bar talsvert á fordómafullum ummælum í garð fólks af erlendum uppruna. Jafnvel flóttafólks sem er einmitt að flýja stjórnlaust ofbeldi í heimalöndum sínum.

Rauði krossinn á Íslandi, í samstarfi við lyfjafyrirtækið Alvogen, býður til borgarafundar **í Ráðhúsi Reykjavíkur, miðvikudaginn 9. desember, kl. 20.00.** Þar verða flutt stutt erindi um íslenska sjálfsmynd, umburðarlyndi og framtíð íslensks samfélags án aðgreiningar og fordóma. Að erindum loknum verður opnað fyrir umræður.

Frummælendur flytja eftirfarandi erindi:



Goddur, prófessor við Listaháskóla Íslands
*„Hin heilaga sjálfsmynd Íslendinga“*



Anna Lára Steindal, heimspekingur
*„Hvernig stuðlum við að og viðhöldum samtali, samhug og samvinnu milli ólíkra hópa sem deila samfélagi á Íslandi?“*



Susan Rafik Hama, doktorsnemi við Háskóla Íslands
*„Ræðum og fræðum“*



Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður allsherjar-og menntamálanefndar Alþingis
*„Frelsi einstaklingsins og jöfn tækifæri“*



Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður og varaformaður þingflokks Pírata
*„Hver er þýðing hugtakanna frelsi og umburðarlyndi?“*



Áshildur Linnet, verkefnisstjóri málefna hælisleitenda og flóttamanna hjá Rauða krossinum
*„Hugsjónir Rauða krossins og baráttan gegn mismunun“*

Fundarstjóri: **Eva María Jónsdóttir**

**Allir velkomnir!**

Rauði krossinn VERTU NÆS Alvogen

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Róbert Gunnarsson er í ákveðinni klemmu í Frakklandi þar sem hann fær ekkert að spila og mun líklega ekki fá að spila neitt næstu mánuðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Sá á netinu að ég væri á förum

**Róbert Gunnarsson er á förum frá franska stórliðinu PSG næsta sumar. Landsliðsmaðurinn var ekki hissa er hann las um framtíð sína á netinu.**

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Róbert Gunnarsson á ekki upp á pallborðið hjá þjálfaranum sínum hjá PSG, Noka Serdarusic. Sá hefur ekkert notað Róbert síðustu vikur og tjáði svo fjölmiðlum um helgina að Róbert færi frá félaginu næsta sumar.

„Ég spilaði síðast handbolta með landsliðinu,“ segir Róbert þar sem hann sat í mestu makindum á kaffihúsi í París og naut lífsins.

„Þetta er reynsla sem ég verð að glíma við. Maður verður að geta tekist á við lægðirnar eins og maður gleðst yfir hæðunum. Þetta er mitt hlutverk núna.“

### Þjálfarinn talaði ekki við mig

Þótt búið sé að taka ákvörðun um framtíð Róberts hjá félaginu þá var félagið ekki að hafa fyrir því að ræða málið við línumanninn sterka.

„Hann talaði ekkert við mig. Ég sá þetta bara á netinu. Þetta kom mér svo sem ekkert á óvart. Allt sem hann sagði var ekkert nýtt svo sem. Það er hans val að nota tvo aðra leikmenn frekar en mig. Ég verð bara að virða það þó svo ég sé eðlilega ekki sammála þessu vali hans,“ segir Róbert yfirvegaður.

Hann er lítið farinn að spá í framhaldið. Hvort hann reyni að fá sig lausan sem fyrst eða hvort hann klári tímabilið á tréverkinu í París.

„Ef það kemur eitthvað upp á borðið þá myndi ég auðvitað skoða það. Ég býst samt fastlega við því að ég verði hérna út tímabilið. Ég er með alla fjölskylduna hér og þar eru allir í sínu. Svo er líka dásamlegt að vera hérna. Það er skárra að vera fastur í svona stöðu í París en í einhverju krummaskuði í Þýskalandi,“ segir línumaðurinn jákvæður.

Eðlilega er Róbert aðeins farinn að íhuga hvar hann vilji helst spila handbolta næstu árin en hann hefur spilað í Danmörku, Þýskalandi og svo Frakklandi.

„Maður er kannski ekki opinn fyrir öllu en ég skoða það sem kemur upp á borð hjá mér. Það kemur til greina að vera áfram í Frakklandi en ég er minna spenntur fyrir Þýskalandi. Okkur leið svo mjög vel í Danmörku.“

### Nýt tímans með landsliðinu

Þar sem línumaðurinn fær nánast ekkert að spila þá er kannski meiri tilhlökkun í Róberti en öðrum að komast á EM í Póllandi þar sem hann mun fá að spila handbolta loksins.

„Það er um að gera að njóta þess áfram að vera í landsliðinu því maður veit aldrei hversu langur landsliðsferillinn verður. Eins og staðan er í dag er skrokkurinn fínn. Ég ætla að njóta þess að vera með strákunum í janúar og bíð gríðarlega spenntur eftir því að koma til móts við liðið. Er maður eldist fer maður að njóta þess meira og átta sig á þeim forréttindum sem það er að spila með landsliðinu.“

Eftir hryðjuverkaárásirnar í París hefur lífið aðeins breyst hjá Róberti og umgjörðin í kringum liðið.

„Það var góð öryggisgæsla í kringum liðið fyrir og hún er orðin enn meiri núna. Það er reynt að láta okkur finna sem minnst fyrir þessu.“

henry@frettabladid.is





GUNNAR ER KLÁR Í BARDAGANN

SPORT

Laugardagskvöldið 12. desember mætir Gunnar Nelson hinum brasilíska Demian Maia og í aðalbardaga kvöldsins kljást Conor McGregor og José Aldo.

**Ekki missa af stærsta UFC-kvöldi ársins.**

365.is | Sími 1817 365


### PRESSULEIKUR FYRIR MAN. UNITED-LIÐIÐ Í KVÖLD

Keppni í fjórum af átta riðlum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta klárast í kvöld en þar er spennan í B-riðlinum. Real Madrid og PSG í A-riðli, Benfica og Atlético Madrid í C-riðli og Juventus og Man. City í D-riðli eru öll komin áfram. Bæði sætin úr B-riðli eru hins vegar laus og þar verður Manchester United að vinna Wolfsburg á útivelli ætli liðið sér áfram í sextán liða úrslitin. Wolfsburg er með 9 stig, United er með 8 stig og PSV Eindhoven er með 7 stig. PSV fær CSKA Moskvu (4 stig) í heimsókn og tryggir sig áfram með sigri. Sigur mun tryggja United sigur í riðlinum en fái liðið eitt stig eða minna munu lærisveinar Louis Van Gaal sitja eftir svo framarlega sem Hollendingarnir vinni Rússana á sama tíma.



### FRESTAÐ Í ANNAÐ SKIPTIÐ NÚ VEGNA VEÐURS

Tveimur leikjum í Olís-deild karla í handbolta og tveimur leikjum í Powerade-bikar karla í körfubolta sem áttu allir að fara fram í gær var frestað vegna óveðursins sem gekk þá yfir landið. Allir leikirnir eiga að fara fram í dag og má sjá tímasetningarnar hér fyrir neðan. Þetta var í annað skiptið sem þessir tveir handboltaleikir voru færðir en þeir áttu fyrst að fara fram fimmtudaginn 15. október. Bæði leik Hauka og FH og leik ÍBV og Akureyrar var frestað fram í desember vegna þátttöku Hauka og ÍBV í Evrópukeppni.

### „DUEL IN THE POOL“ NÆST Á DAGSKRÁ HJÁ STELPUNUM

Íslensku sundkonurnar Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir hafa báðar átt sögulegt ár í sundlauginni og stíga enn eitt sögulega skrefið um næstu helgi þegar þær taka þátt í „Duel in the Pool“ í Indianapolis í Bandaríkjunum. Þær Eygló Ósk og Hrafnhildur keppa þar sem fulltrúar Evrópu en þetta er sundkeppni milli Evrópu og Bandaríkjanna sem hefur farið fram á tveggja ára fresti frá 2003. Mótið verður haldið í Indiana University Natatorium lauginni sem talin er ein hraðasta laug í heimi. Bandaríkjamenn hafa haldið úrtökumót sín fyrir Ólympíuleika oftar en einu sinni í lauginni.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport 4 |
| 19.30 | Wolfsburg - Man. Utd | Sport |
| 19.30 | Real Madrid - Malmö | Sport 5 |
| 19.30 | Man. City-Dortmund | Sport 3 |
| 19.30 | PSV Eindhoven - CSKA | Bravó |
| 21.45 | Meistaradeildarmörkin | Sport |
| 18.00 | ÍBV-Akureyri | Vestm.eyjar |
| 19.15 | Keflavík-Valur | TM-höllin |
| 19.15 | Hamar-Njarðvík | Hveragerði |
| 19.30 | Haukar - FH | Schenkerhöllin |

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




**Tuttugu sinnum á toppinn**
**Bjarnheiður Hallsdóttir hefur gengið 20 sinnum upp á topp Akrafjalls á árinu og er hvergi nærri hætt.**
**BLS. 2**


JÓLAHLAÐBORÐ
1.990 kr.

Jólahlaðborð Minna manna hafa verið vinsæl síðustu ár, enda ódýr en einstaklega girnileg. Þau eru sérsniðin til að bjóða upp á í jólagleðinni á vinnustaðnum, heima eða í veislusal án nokkurrar fyrirhafnar.

**Verðið hefur verið það sama árum saman – aðeins 1.990 kr. á mann!**

**Pantanir hjá:**
**Magnúsi Inga Magnússyni í síma 696-5900 og á magnusingi@gmail.com.**



**HEITT OG KALT JÓLAHLAÐBORÐ**
- Síldarréttir
- Djúpsteiktar rækjur
- Kjúklingur
- Purusteik
- Hangikjöt
- Heit sósa
- Brúnaðar kartöflur
- Kartöflujafningur
- Fjölbreytt grænmeti
- Brauðkossar
- Súrsæt sósa

**1.990 kr. á mann**

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar á minirmenn.is og á Facebook**


# NUTRILENK GOLD – LÍKA FYRIR HUNDA

**GENGUR VEL KYNNIR** *NUTRILENK GOLD hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem þjást af verkjum og stirðleika í liðum. Það sem færri vita er að NUTRILENK GOLD getur líka hjálpað hundum sem þjást af liðverkjum.*

Við mikið álag og eftir því sem árin færast yfir getur brjóskvefur manna rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Áralöng reynsla og rannsóknir á NUTRILENK gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stirðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir dýralæknar eru nú þegar farnir að mæla með NUTRILENK fyrir sína skjólstæðinga.

**GETUR MINNKAÐ LIÐVERKI**
NUTRILENK GOLD er gert úr sérvöldum fiskibeinagrindum sem samkvæmt rannsóknum eru ríkar af virku og nýtanlegu kondritíni, kollagenum, mangan og kalki og hjálpa til við uppbyggingu brjósks og geta komið í veg fyrir frekari liðskemmdir.

**ÓTRÚLEG BREYTING**
„Eftir rúma viku var hann farinn að hlaupa kátur á eftir boltanum sínum, greinilega verkjalaus. Breytingin var ótrúleg!“




*Útsölustaðir:*
***Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.***



**ÁRANGURINN KOM FLJÓTT Í LJÓS** Svava hafði sjálf góða reynslu af Nutrilenk Gold og ákvað að prófa að gefa hundinum sínum það með góðum árangri.

## HUNDURINN FÉKK BATA MEÐ NUTRILENK

Kaupmaðurinn Svava Johansen og fjölskylda eiga labradorhundinn Lucas sem er tæplega fimm ára. „Fyrir hálfu ári var Lucas farinn að haltra á framlöppinni og var greinilega mjög þjáður. Maðurinn minn, fór með hann til dýralæknis og í kjölfarið var ýmislegt reynt s.s. sérstakt fæði fyrir hunda með liðagigt, lyf og leisermeðferð en ekkert virkaði. Eftir samtal við lækninn vorum við orðin verulega hrædd um að það myndi enda með að það þyrfti að lóga honum,“ segir Svava.

Hún hefur sjálf notað NUTRILENK GOLD með góðum árangri og ákvað að prófa að gefa Lucasi það. „Hann fékk 6 töflur á dag í byrjun og eftir rúma viku var hann farinn að hlaupa á eftir boltanum sínum. Breytingin var ótrúleg. Ég mæli heilshugar með NUTRILENK fyrir hunda því það virkaði svo sannarlega á okkar hund,“ segir Svava.


EKKERT STRESS UM JÓLIN
20% afsláttur
AF SLÖKUN Í DESEMBER
*Gleðileg jól*




Tilboðið gildir í flestum apótekum og heilsubúðum

Frón
kemur við sögu á hverjum jólum




Nældu þér í nýbakaðar jólapiparkökur frá Frón í næstu verslun - tilbúnar til að skreyta

www.fronkex.is









**FÖGNUÐUR** Fimmtándu ferðinni á fjallið var fagnað en upphaflega markmiðið var fimmtán ferðir.

# FAGNAÐ Á TOPPI AKRAFJALLSINS

**LÍKAMSRÆKT** *Bjarnheiður Hallsdóttir er vel kunnug Akrafjallinu en hún fór sína tuttugustu ferð á toppinn nýlega. Hún stefnir á fleiri ferðir á nýju ári.*

Bjarnheiður Hallsdóttir framkvæmdastjóri náði ársmarkmiði sínu á dögunum þegar hún gekk sína tuttugustu ferð á Háahnjúk á toppi Akrafjalls á árinu. Hún fór þó ekki að hreyfa sig reglulega fyrr en fyrir um átta árum. „Þegar ég varð fertug byrjaði ég að stunda líkamsrækt og hreyfingu að einhverju marki. Ég eignaðist yngsta barnið mitt þegar ég var 39 ára. Eftir það sá ég að það var annaðhvort að bara hlamma sér í sófann með kartöfluflögur eða gera eitthvað í þessu. Áður hafði ég verið eins og svo margir aðrir, átt kort í ræktinni og farið endrum og sinnum en þarna gerði ég líkamsrækt að lífsstíl í fyrsta skipti,“ útskýrir Bjarnheiður.



**MEÐ VINUM** Bjarnheiður í góðra vina hópi. Hún gengur ýmist ein, með vinum eða fjölskyldu.

### SJÓSUND PASSAR VEL MEÐ

Akrafjall er bæjarfjallið á Akranesi og segir Bjarnheiður það vera töluvert mikið stundað af ákveðnum hópi Skagamanna. „Það þykir vera mátuleg ganga að fara á toppinn. Gangan er nokkuð krefjandi og setur vaxandi hópur sér markmið um að fara ákveðinn fjölda ferða á árinu. Ég heyrði fyrst af Skagamanni sem ákvað að fara fimmtíu ferðir á árinu sem hann varð fimmtugur. Mér fannst það mjög töff og ákvað í fyrra að fara tíu sinnum. Svo setti ég mér það markmið um síðustu áramót að fara fimmtán ferðir á þessu ári en breytti því í tuttugu ferðir því ég náði fimmtán ferðunum svo snemma.“

Hún segir líkamsræktina hafa undið upp á sig þegar hún kynntist fólki sem stundar ýmsa hreyfingu. „Ég byrjaði að stunda sjósund fyrir um þremur og hálfu ári og syndi mikið á sumrin. Þá er ég að tala um alvöru sjósund eins og til dæmis út í Viðey. Sjósundið og göngurnar passa einmitt mjög vel saman. Svo fór ég með hópi kvenna til Spánar í haust til að ganga. Þar gengum við á fjöll sem voru erfiðari en Akrafjallið þannig að ég var mjög fegin að hafa verið búin að æfa mig á því. Þetta var mjög skemmtileg ferð og mér finnst spennandi að að fara í hópgöngur með konum.“

### HUGLEIÐSLA Á FJALLI

Ferðirnar á Akrafjall fer Bjarnheiður með fólki í litlum hópum, fjölskyldumeðlimum og ein með sjálfri sér. „Þá verður þetta nokkurs konar hugleiðslutími sem ég hef með sjálfri mér og get ég alveg mælt með því. Ég stunda hreyfingu í ræktinni yfir veturinn en þegar sumra tekur vil ég komast út. Þá eru fjallgöngurnar borðleggjandi. Akrafjallið er mátulegt fyrir þá sem eru ekki algjör fjallafrík og stuttar fjallgöngur er hreyfing sem flestir geta tileinkað sér. Þetta er frábær þjálfun og góð útivist, ekki tímafrek en töluverð áreynsla, og í göngunum þjálfast bæði þol og styrkur.“

Bjarnheiður hefur ekki gengið á önnur fjöll hér á landi og segist ekki einu sinni hafa farið á Esjuna. „En það kemur.



**HÁTT UPPI** Bjarnheiður í einni af ferðum sínum á Akrafjall.Aðsendar myndir

Ég stefni á enn þá fleiri ferðir á Akrafjall á næsta ári, allavega þrjátíu til að byrja með,“ segir hún og bætir við brosandi að það hafi alveg hvarflað að henni að fara fimmtíu ferðir árið sem hún verður fimmtug.

# Gjafir gleðja



**Gulrótayddari**
fyrir skreytingar
- Kr. 1.690



**Panda púði**
Kr. 6.200
Mikið úrval dýrapúða



**BagPod**
Smátaska með 11 hólfum. 10 litir.
Kr. 4.900



**Eggjabikarinn EGGIÐ**
Kr. 1.490



**Skafkort**
Skafðu af þeim löndum sem þú hefur heimsótt.
(Stærð: 82 X 58 cm) Kr. 3.290



**Hnattlíkan með ljósi**
30 cm þvermál. Kr. 16.900



**Ný ilmkerti**
6 ilmtegundir
Kr.1.090











**Mikið úrval!**







**Urbanears**
Margverðlaunuð heyrnatól
*Tvær gerðir og ótal litir.*
Verð frá kr. 9.900

**Jóla-hringekjur**
Aðeins kr. 2.200





**Lid Sid**
Gaurar sem sjá til þess að ekki sjóði upp úr.
2 í pakka, hvítur og rauður.
kr. 1.790



**Mr. Tea tesía**
Kr. 1.790



**Goðaglös**
Koma í fallegum gjafaumbúðum
kr. 2.990 stk.



**Stóra tímahjólið**
kr. 19.900



**Heico lampi** - Dádýr, kr. 13.900



**MoMA**
Eilífðar-dagatal
Kr. 6.400



**Músikegg**
spilar tónlist og tryggir að þú fáir eggið þitt soðið eins og þú vilt hafa það. 5.500 kr.

minja Design

Skólavörðustíg 12 • sími 578 6090
www. minja.is • facebook: minja



**Frístandandi Hnattlíkan**
Þú stillir því upp og það snýst og snýst. Kr. 3.390

ALLA VIRKA DAGA | 18:55 | 2

ÍSLAND Í DAG

BEINT Á EFTIR FRÉTTUM



Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreyttur og skemmtilegur dægurmálaþáttur.

365.is | Sími 1817 365





**SKÁL** Það er allt í góðu að skála í góðu víni á aðventu en best er að hafa það í hófi vilji maður gæta að hitaeiningum.

# JÓLAVÍNIÐ FITANDI

***HÁTÍÐ** Á aðventu eru jólaboðin alls staðar þar sem skálað er í jólaglöggi, jólabjór eða rauðvíni. Allir vita að jólahlaðborðin eru kaloríurík en gleyma að áfengið er það líka. Þegar fólk, sem vill halda sér í formi, mætir freistingum ætti það að skoða í hvaða tegundum eru fæstar kaloríur. Allt er best í hófi.*

Alkóhól gefur orku á borð við fitu og kolvetni. Áfengi er eins og sykur, það inniheldur mikið af kaloríum en minna af nauðsynlegum næringarefnum. Þessar innantómu kaloríur geta aukið orku fyrir dansgólfið en í hreyfingaleysi setjast þær á líkamann í formi fitu. Því sterkari sem bjórinn er því fleiri hitaeiningar.

Bjórinn inniheldur þó B-vítamín, ýmis steinefni og andoxunarefni sem koma úr humlum. Það er því fyrst og fremst áfengisstyrkleikinn sem ræður hitaeiningum. Þeir sem vilja ekki fitna ættu að drekka léttari bjór eða þurrt hvítvín.

Sumir telja að dökkur bjór sé kaloríuríkari en ljós. Það er þó misjafnt. Hálfur lítri af Guinness bjór inniheldur 210 kaloríur en venjulegur léttur bjór inniheldur 200 kaloríur. Það er í raun styrkleiki bjórsins sem ræður kaloríunum. Eitt stórt rauðvínsglas getur innihaldið jafnmikið af kaloríum og hálfur lítri af bjór.

Ef fólk drekkur sex hálfs lítra bjóra að kvöldi fær það í sig 1.200 hitaeiningar. Ef líka er borðað nasl eykst hitaeiningafjöldinn nokkuð fljótt.

**HÉR ER TAFLA UM HITAEININGAR Í ÁFENGI**

- 330 ml bjór, 4,5% = 125 kaloríur
- 0,4 l bjór, 4,5% = 160 kaloríur
- 1 pint (0,568 l) bjór, 4,4% = 227 kaloríur
- 0,5 l hveitibjór, 4,7% = 210 kaloríur
- 0,5 l hveitibjór, 5,2% = 220 kaloríur
- 0,5 l bjór, 4,1% = 140 kaloríur
- 0,5 l léttbjór, 2,3% = 125 kaloríur

**LÉTTVÍN**

Það er ekki mikill munur á rauðu eða hvítu víni. Þurr hvítvín hafa þó fæstar kaloríur, eða um það bil 100 hitaeiningar í einu glasi. Því sætari sem vínin eru, þeim mun meira af hitaeiningum. Ef þú drekkur eina flösku af hvítvíni jafngildir það um það bil 555 kaloríum.

**HITAEININGAR Í LÉTTVÍNI. LÍTIÐ GLAS MIÐAST VIÐ 125 ML EN STÓRT ER 250 ML**

- 1 glas þurrt hvítvín, 12% = 86 kaloríur
- 1 glas hálfþurrt hvítvín, 10% = 90 kaloríur
- 1 stórt glas hálfþurrt hvítvín = 173 kaloríur
- 1 glas sætt hvítvín = 90 kaloríur
- 1 glas rauðvín, 12% = 93 kaloríur
- 1 stórt glas rauðvín = 185 kaloríur
- 1 glas rósavín = 86 kaloríur
- 1 glas freyðivín = 93 kaloríur



**FREISTINGAR** Ljúfir drykkir eru gjarnan á borðum um jól og áramót, að ekki sé talað um aðventuna.

Margir kannast við mikla þörf á óhollustu daginn eftir að vín hefur verið drukkið. Þynnkan kallar á feitan mat. Betra er að fá sér brauð með eggi heldur en feitan hamborgara með frönskum og kokteilsósu. Einnig er eggjakaka ágætis þynnkumatur. Þá er sömuleiðis gott ráð að fara í göngutúr, sund eða út að hjóla til að losa sig við kaloríur og hressa hugann. Allt er betra en sófinn viljir þú léttast.

AUGLÝSING: CELSUS KYNNIR

Celsus ehf. Hjúkrunar- og heilsuvörur

# MINNI SYKURLÖNGUN OG AUKIN VELLÍÐAN

*Þörungamagnesíum frá Lifestream, Natural Magnesium, er góður magnesíumgjafi. Það er í duftformi og leysist strax upp í vatni. Inntaka þess er því sérlega þægileg og einföld. Einnig er sniðugt að búa til magnesíumolíu og nudda henni inn í húðina.*



Anna segir hið vinsæla merki, Lifestream frá Nýja-Sjálandi, vera fremst í sinni röð meðal heilsuefna vegna lífrænnar næringar, hreinleika og gæða.

Celsus hjúkrunar- og heilsuvörur ehf. býður upp á fjölbreytt lífræn næringarefni. „Okkar vinsæla merki, Lifestream frá Nýja-Sjálandi, er fremst í sinni röð meðal heilsuefna vegna lífrænnar næringar, hreinleika og gæða," segir Anna Björg Hjartardóttir, framkvæmdastjóri Celsus og eigandi.

### ÓLÍKT ÖÐRU MAGNESÍUM

„Þörungamagnesíum frá Lifestream Natural er ólíkt öðru magnesíum. Í því er þörungur sem vex í sjónum og þykir eftirsóknarverður magnesíumgjafi. Líkami okkar á auðvelt með að nýta næringuna úr þörungunum og upptakan er auðveld og mikil. Ekki þarf að nota neitt sítrat til að efla upptöku, því náttúrlegt sjávarsalt er hluti af þörungunum." Dagskammtur, 350 milligrömm, rúmast í einum þriðja af teskeið.

Það hefur reynst mörgum vel að taka inn þörungamagnesíum að morgni dags. „Þeir sem hafa reynt það, segja að það taki burt sykurlöngun yfir daginn auk þess sem tilfinningaleg vellíðan aukist og streita verði minni. Það er gott að vita að sykur og kaffi eyðir magnesíum úr líkama okkar en það kemur mörgum á óvart. Til að líða betur við nám og vinnu er vert að huga að magnesíumbúskap líkamans," segir Anna.

### LEYST UPP Í KÖLDU VATNI

„Magnesíum er steinefni sem stjórnar efnaskiptum og bruna líkamans. Dagleg inntaka á magnesíum eykur því líkur á að rétt jafnvægi á brennslu líkamans náist og auðveldara verði að létta sig ef þess er þörf, og viðhalda kjörþyngd. Einnig hefur pirringur, kvíði, vanstilling og minnisleysi verið tengt magnesíumskorti, auk meltingarvanda. Þörungamagnesíum er í duftformi þannig að það leysist strax upp í köldu vatni og er alveg bragðlaust.

Inntaka er því sérlega þægileg og auðveld og veldur engum magaónotum sem gleður flesta.

### HEIMATILBÚIN MAGNESÍUMOLÍA

„Það getur verið fínt að taka þörungamagnesíum inn að kvöldi til að ná slökun í vöðva og taugar og bæta svefn. Það er auðvelt að blanda sína eigin magnesíumolíu með að setja til dæmis eina teskeið af magnesíum í góða olíu, hræra saman og nudda olíunni vel inn í húðina. Eins er vinsælt að setja eina til tvær teskeiðar í baðvatn eða fótabað eftir hlaup eða skokk," segir Anna og bætir við að þörungamagnesíum frá Lifestream Natural sé elemental hydroxid magnesíum en það hafi helmingi hærri upplausn í vatni en magnesíumoxíð. „Að auki er magnesíum hydroxid uppleysanlegt í magasýrum sem eykur upptöku næringarefna út í blóðið sem skiptir öllu máli. Því þarf ekki nema 1/3 til hálfa teskeið í dagskammt.

Anna segir að þar sem erfitt sé að ná ráðlögðum dagskammti (RDS) af magnesíum úr fæðunni einni séu flestir sammála um að margir þurfi viðbót í formi fæðubótarefna.




***Lifestream Natural Magnesium 150 g er fimm mánaða skammtur. Fæst í apótekum, Hagkaup, Lifandi markaði, Fjarðarkaupum, Grænni heilsu, Krónunni, Nettó og víðar. www.Celsus.is***

Lífrænt
fjölvítamín fyrir alla
Yfir 100 næringarefni




lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

Rauðrófu- og brokkolíduft
ásamt spínati, gulrótum, steinselju og káli

Mikil orka
Línurnar í lag




lifestream
náttúruleg uppspretta bætiefna

CE

Sveppasýkingar
- í húðfellingum -

Einföld og áhrifarík, húðvæn meðferð

Þægilegur grisjuborði, passar í nára, undir brjóst og magafellingar. Engin krem eða duft.

Klíniskar rannsóknir sýna bata á sveppasýkingu* hjá yfir 85% þátttakenda
*candida albicans





Sorbact - Græn sáralækning

Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast allir helstu sárasýklar og sveppir við umbúðirnar. Sýklarnir verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkla- eða sveppadrepandi efna. Virkar á VRE og MOSA sárasýkla. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun. Engar aukaverkanir. Ekkert ofnæmi.

Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is

sorbact®
green wound healing

100% NATURAL
NOT SYNTHETIC

CC Flax

Frábært til að bæta hormónajafnvægi fyrir konur á öllum aldri

Hörfræ mulin - rík af lignans
Trönuberjafræ
Haf- Þörungakalk

Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan. Trönuberjafræin styrkja þvagfærakerfi og slímhúð, reynist vel gegn vökvasöfnun* Ríkt af Omega3 ALA. Fjölmargar ritrýndar rannsóknir sýna mikinn ávinning af inntöku á lignans fyrir hormónaheilbrigði kvenna.

**Heilbrigðari og grennri konur**
Rannsókn sýndi að konur sem hafa mikið Lignans i blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.**

* Howel AB Journal of the American Medical Associaton june 2002 287:3082
** British Journal of Nutrition(2009), 102: 195-200 Cambridge University.



• Styrking
• Jafnvægi
• Fegurð

ORGANIC




1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

www.celsus.is

Fæst í apótekum, Hagkaup, Krónunni, Nettó, Samkaup, Fjarðarkaup og völdum heilsubúðum





# GUNNAR ER KLÁR Í BARDAGANN

SPORT

*Laugardagskvöldið 12. desember verður mikið um pústra í Las Vegas. Þá mætir Gunnar Nelson hinum brasilíska Demian Maia sem er, rétt eins og Gunnar, þekktur fyrir að vera firnasterkur í gólfinu. Okkar maður mætir hinsvegar einbeittur í bardagann enda í toppformi. Aðalbardagi kvöldsins er svo ekki af verri endanum en þá mætir æfingafélagi Gunnars, Conor McGregor, hinum sigursæla José Aldo.*

365.is | Sími 1817

365

## atvinna


### SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA
SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

HANDAFL EHF s. 777 2 333




**Vegna aukinnar framleiðslu fyrirtækisins óskum við eftir að ráða starfsmann í sölu- og markaðssetningu á laxi.**

**Starfssvið:**

- Sala og markaðssetning
- Samskipti við viðskiptavini og reikningagerð
- Samstarf við söluteymi
- Eftirfylgni við sölu auk annarra starfa, m.a. tollafgreiðsla
- Innkaup og skipulag vöruflutninga

**Hæfniskröfur:**

- Viðskipta- og markaðsfræði eða menntun tengd sjávarútvegi
- Reynsla tengd sjávarútvegi er æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til 21. desember 2015.**

**Umsóknir sendist á Kristínu Helgadóttur starfsmannastjóra á *umsoknir@fjardalax.is***



Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfis-vænan lax í kynslóðaskiptu eldi.

Kynslóðaskipt eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum.

Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Grandagarði 14
101 Reykjavík

www.fjardalax.is






Frón

# kemur við sögu á hverjum jólum

Við höfum bakað níu sortir af ljúffengum jólasmákökum þessi jól og sett þær í eiguleg box.
Prófaðu nýju lakkrískökurnar, döðlukökurnar og kókoskökurnar.




Nældu þér í jólasmákökur frá Frón í næstu verslun

www.fronkex.is



✝

Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**Árni Jóhann Friðjónsson**

hjúkrunarheimilinu Eir,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 3. desember. Jarðarför hans verður gerð frá Grafarvogskirkju mánudaginn 14. desember kl. 13.00.

**Hjálmar Árnason, Berglind Einarsdóttir, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar,

**Þorsteinn Ingólfsson**

bifreiðastjóri,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, föstudaginn 11. desember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að styrkja SÍBS.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Halla Dröfn, Ásta Ingibjörg og Sigurður Óli Þorsteinsbörn**

---



✝

Ástkær sonur, bróðir og frændi,

**Auðunn Jón Auðunsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum í Mosfellsbæ þann 26. nóvember. Verður hann jarðsunginn frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 10. desember kl. 15.00.

**Guðbjörg Jóhanna Sigrúnardóttir**
**Sigrún H. Auðunsdóttir** — **Gunnar T. Magnússon**
**Anna M. Auðunsdóttir** — **Pétur S. Jónsson**
**Vigdís B. Auðunsdóttir**
**Þorbjörg, Fjóla og Gunnar systrabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Hrefna Ragnarsdóttir**

húsmóðir,
Hraunbæ 44,

lést aðfaranótt föstudags 4. desember á Landspítalanum. Jarðarförin auglýst síðar.

**Axel Sölvason**
**Axel Sölvi Axelsson** — **Guðrún Harðardóttir**
**Sigrún Axelsdóttir**
**Ragnar Guðni Axelsson** — **Björk Hreiðarsdóttir**
**Bergur Axelsson** — **Jóna Guðrún Ívarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

***Með kærleik og virðingu***

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Vilhelm Guðmundsson**

Garðbraut 86,
Garði,

sem lést mánudaginn 30. nóvember, verður jarðsunginn frá Útskálakirkju fimmtudaginn 10. desember kl. 14.

**Björg Björnsdóttir**
**Auður Vilhelmsdóttir** — **Ásbjörn Jónsson**
**Björn Vilhelmsson** — **Laufey Erlendsdóttir**
**Hildur Vilhelmsdóttir** — **Franz Eiríksson**
**Atli Vilberg Vilhelmsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Ester Einarsdóttir**

lést á Borgarspítalanum þann 22. nóvember síðastliðinn. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum vináttu og hlýhug í okkar garð.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Páll Ólafsson**
**Hulda Pálsdóttir** — **Þórður Jensson**
**Einar Ólafur Pálsson** — **Guðrún Sandra Berndsen**
**og barnabörn.**

---



✝

Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Gróa Guðjónsdóttir**

Torfufelli 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum að Landakoti í Reykjavík aðfaranótt mánudagsins 7. desember. Útför hennar verður tilkynnt síðar.

**Kristján Búason**
**Jóna Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** — **Rúnar Vilhjálmsson**
**Búi Kristjánsson** — **Sif Sigfúsdóttir**
**Guðjón Kristjánsson** — **Ragnheiður Harpa Arnardóttir**
**Erlendur Kristjánsson** — **Elín Anna Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Bróðir okkar og vinur,

**Friðrik Ingvar Oddsson**

Móabarði 34, Hafnarfirði,

sem lést sunnudaginn 29. nóvember á heimili sínu, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 10. desember kl. 13.00.

**Guðjón Oddsson**
**Rannveig Oddsdóttir**
**Oddur R. Oddsson**

---



✝

Hjartkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ragnar Sigurður Bergmann Benediktsson**

Barkarstöðum, Miðfirði,
Húnaþingi vestra,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga, laugardaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Melstaðarkirkju miðvikudaginn 9. desember kl. 14.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Hvammstanga.

**Karl Georg Ragnarsson** — **María Rós Jónsdóttir**
**Ásta Pálína Ragnarsdóttir** — **Magnús Sverrisson**
**Jenný Karólína Ragnarsdóttir** — **Hilmar Sverrisson**
**Margrét Halla Ragnarsdóttir** — **Jón Gunnarsson**
**Benedikt Ragnarsson** — **Jóhanna H. Þorsteinsdóttir**
**Helga Berglind Ragnarsdóttir** — **Sigmar Benediktsson**
**Álfheiður Árdal** — **Jakob Friðriksson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---



Baldvin og Halldóra ásamt Ragnari Bjarnasyni.

# Safna fyrir tónlistarnámi

## Halldóra og Baldvin gefa út geisladiskinn Á Vatnsenda með gömlum dægurlagaperlum.

„Þessi gömlu lög eru svo skemmtileg, þau hafa alltaf verið í uppáhaldi hjá mér," segir Halldóra Ósk Helgadóttir söngkona sem ásamt Baldvini Snæ Hlynssyni var að senda frá sér diskinn Á Vatnsenda. Þar er að finna gömul og góð dægurlög sem flestir Íslendingar ættu að þekkja.

Á disknum eru átta þekktar íslenskar dægurlagaperlur auk þess sem einn frumsaminn texti er við sænskt þjóðlag.

Þau Halldóra og Baldvin, sem búa bæði í Vatnsendahverfinu í Kópavogi, voru að vinna í skapandi sumarstörfum í Kópavogi og þar kviknaði hugmyndin að disknum. „Við vorum með dægurlagadúett með gömlum íslenskum lögum. Fyrstu tvær, þrjár vikurnar æfðum við upp dagskrána. Við fórum svo á milli stofnana í Kópavogi og fluttum lögin," segir Halldóra.

Mest voru þau að spila á öldrunarheimilum. „Við fórum mest á elliheimili, líka á bæjarskrifstofurnar. Okkur var alls staðar vel tekið, við fengum oftast kaffi og kökur eftir tónleikana og kynntumst fullt af fólki," segir Halldóra. „Minnstu tónleikarnir voru á Héraðsskjalasafni Kópavogs, þar héldum við fimm manna tónleika."

Þegar líða fór á sumarið ákváðu þau að tilvalið væri að gefa út dagskrána, sem þau höfðu æft, á geisladisk til þess að leyfa fleirum að njóta. „Við ákváðum að setja afrakstur sumarsins á plötu. Bæði okkur til skemmtunar en líka til þess að safna fyrir tónlistarnáminu okkar," segir Halldóra, en hún nemur söng við Söngskóla Reykjavíkur og Baldvin er í FÍH. Diskinn tóku þau upp á Tónlistarsafni Íslands í Kópavogi og í heimastúdíói á Vatnsenda. Halldóra syngur öll lögin en í einu þeirra syngur hún dúett með hinum eina sanna Ragnari Bjarnasyni eða Ragga Bjarna eins og hann er gjarnan kallaður. Það er við lagið Undir Stórasteini eftir Jón Múla og Jónas Árnasyni. „Hann var meira en til í það og virkilega gaman að vinna með honum," segir Halldóra um samstarfið.

**viktoria@frettabladid.is**

---



✝

Okkar ástkæra móðir,

**Guðmunda Kristbjörg Þorgeirsdóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 4. desember. Verður hún jarðsungin frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 10. desember klukkan 11. Þeim sem vilja minnast Guðmundu er bent á Félag heyrnarlausra.

**Grétar Eiríksson** — **Elín Hilmarsdóttir**
**Oddur Eiríksson** — **Alda Steingrímsdóttir**
**Guðbjörg Eiríksdóttir** — **Bjarni Brynjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Gyða Jónasdóttir**

Grandavegi 1,

andaðist 3. desember á Dvalarheimilinu Grund. Jarðarförin fer fram mánudaginn 14. desember kl. 13 í Fossvogskirkju.

**Kristín Ólafsdóttir** — **Eggert Þorfinnsson**
